

Træið

Höfundur texta og mynda: Bárður Oskarsson (Færeyjum) Þýðandi: Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, Dimma, 2019
Hlaut Barna- og unglingsbókaverðlaun Norðurlandaráðs 2018.

Söguþráður: Hér hittum við kanínu og hund sem rabba saman um það sem leynist bak við tré. Í þessari sögu verðum við að velta fyrir okkur hvort allt sé alltaf satt.

Efnisorð: Dýr, hugrekki, sannleikur og lygi, vinátta, sjálfsöryggi

Samtöl og leikur:

SKOÐA-LESA með yngstu börnunum


Skoðið myndirnar með barninu. Hvar eru hundurinn, kanínan og tréð? Hver er allt í einu horfinn? Sjáið þið tré út um gluggann? Það er alveg tilvalið að fara út og finna tré sem þér og barninu finnst fallegt. Hvað leynist bak við tréð?

LEIKSKÓLABÖRN

1. Skoðaðu kápumyndina, um hvað heldurðu að bókin sé?
2. Hvaða dýr geta flogið og hvaða dýr geta ekki flogið? Getu hundar flogið? Getur fólk flogið?
3. Hvað heldurðu að leynist bak við tréð? Hvað myndi þig langa að leyndist bak við tréð?

BÖRN KOMIN Á SKÓLAALDUR


1. Hvernig er að prófa nýja hluti ef maður er hræddur? Verðurðu hugrakkari ef vinur þinn er með þér?
2. Hvað er sannleikur? Segirðu alltaf satt?
3. Trúirðu öllu sem vinur þinn segir? Ef þú gerir það ekki, segirðu það þá?
4. Trúirðu öllu sem fullorðna fólkíð segir?
5. Láttu þér detta eitthvað í hug sem þú heldur að myndi vekja aðdáun vinar þíns.



ISBN 978-952-7486-56-6

BÖRN SEM LESA SJÁLF

1. Hvað fannst þér gott við bókina? Hvað fannst þér ekki eins skemmtilegt? Var eitthvað sem þér fannst óþægilegt? Sérðu mynstur eða tengingu við aðrar sögur?
2. Teiknaðu mynd af Bob og aðra af Hilbert.
3. Hvað eiga Bob og Hilbert sameiginlegt? Að hvaða leyti eru þeir ólíkir?
4. Hvað finnst þér um myndirnar í bókinni? Hvers vegna heldurðu að höfundurinn hafi ákveðið að myndskreyta textann á þennan hátt?
5. Skrifaðu það sem þig langar um tréð á myndinni.



AÐRAR BÆKUR SEM GÆTI VERIÐ GAMAN AÐ LESA:

Rosie springer. Höfundur: Marika Maijala

Krokodille i treet. Höfundur: Ragnar Aalbu

MÁLAMOLI

"Tré"

sænska

Träd

danska

Træ

norska

Tre

íslenska

Tré

færeyska

Træ

grænlandska

Nimissiaq

finnska

Puu

Norðursamíska

Muorra

Merkið myndir af lesstundinni ykkar með [#nordiskabokslukaren!](#)